

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um greiðslur úr ríkissjóði til lækkunar höfuðstóls
veðtryggðra fasteignalána eða fasteignaveðlána.

Frá Birni Val Gíslasyni.

1. Hversu hárrí upphæð af þeim 80 milljörðum kr. sem greiða á úr ríkissjóði vegna lækkunar íbúðalána verður ráðstafað til að greiða:
 - a. fasteignaveðkröfur sem glatað hafa veðtryggingu sinni í kjölfar nauðungarsölu eða annarrar ráðstöfunar eignar eftir 1. janúar 2008 og ekki hafa verið felldar endanlega niður gagnvart umsækjanda, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 35/2014,
 - b. greiðslujöfnunarreikning skuldara hjá fjármálastofnunum,
 - c. vanskil skuldara við fjármálastofnanir (sundurliðað eftir fjármálastofnunum),
 - d. dráttarvexti skuldara vegna vanskila á greiðslum (sundurliðað eftir lánastofnunum),
 - e. skuldir af öðrum ástæðum, sbr. 11. gr. laga nr. 35/2014?
2. Er ríkisábyrgð á greiðslujöfnunarreikningum skuldara hjá fjármálastofnunum?

Skriflegt svar óskast.